

Hinn 26. júní síðastliðinn hóf göngu sína sýning Listmálarafélagsins að Kjarvalsstöðum. Þar eru 78 verk eftir 21 listamann og eru það allir meðlimir félagsins. Í kynningu sem fylgir sýningarskrá segir: „Listmálarafélagið var stofnað 15. apríl 1982, ... Myndlistarmenn hafa stofnað ótal sérgreinafélög, svo það er vonum seinna að málara hefjist handa og taki til við slíka iðju...”

Myndlist


eftir Halldór Björn Runólfsson

Það felst í ofangreindum orðum, að hér sé á ferð félag sem samsvari félögum textil- og veflistarmanna, Leirlistarfélaginu, félagi grafiklistamanna og öðrum sérfélögum lista- og listiðnaðarmanna. Ef það reynist rétt, er um nokkuð undarlega ástæðu að ræða fyrir stofnun félagsins. Þannig er að sérgreinafélög listamanna voru stofnuð til að hlúa að viðkvæmum vaxtarbroddi nýrra listgreina hér á landi, sem til skamms tíma áttu lítlum skilningi að mæta hjá almenningi. Það er stutt síðan fólk tók að líta listiðnað alvarlegum augum og má þakka þá nýbreytni ötu starfi sérgreinafélaganna.

Málaralist hefur hins vegar aldrei átt undir högg að sækja á Íslandi, þá tíð sem menn hafa lagt stund á þá iðju. Hún hefur ávallt verið ástsælust myndlistar, best skilin og mest metin. Þekktustu og virtustu listamenn þjóðarinnar hafa verið málara.

Nú má vera að listmálurum finnst sem hallað hafi undan fæti fyrir málverkinu á síðasta áratug, en það er vegna þess hve fáir ungir menn glímdu við þann miðil. Hins vegar eru meðlimir hins nýstofnaða félags flestir gamalreynndar kempur sem héldu áfram að mála þótt fáir ungir bættust í hópin og hefur því lítið hallað á þá nema síður væri. Þeir hafa einungis notið þess að vera færri um

Stéttarbaráttá með pensilföllum



Listmálarafélagið á Kjarvalsstöðum: „...þetta er hin ágætasta sýning og margir mæta hér galvaskir til leiks...”

hituna. Reyndar hafa þeir flestir haldið stórar einkasýningar á tímabilinu og hlotið lofsamlega dóma fyrir.

Eg minnst á þetta vegna þess að mér þykir bölvanlegt að horfa upp á frjálsa myndlistarmenn þrengja svið sitt í sérgreinafélagi, þegar þeir ætlu einmitt að vikka sig út yfir ramma þess. Mér koma í hug þær fjölmörgu sýningar mætra listamanna erlendis, sem ég hef augum barið og sýna hvernig frjálsir myndlistarmenn brjóta hvern miðilinn á fætur öðrum undir sig með stórkostlegum árangri. Í

einum listamanni sameinast málaralist, skulptúr, grafík, kermik auk þeirrar algildu undirstöðu, teikningarinnar, og eru þá fjölmörg önnur svið ótalín.

Án þess að ég fetti fingur út í menn sem leggja málaralist fyrir sig einvörðungu, finnst mér heldur vafasöm rós í hnappagatið hjá myndlistarmönnum að forsóma önnur svið lista með því að rotta sig saman í sérfélag málara. En það virðist ætla að verða sérstaða íslenskra lista, að allt eigi að vera sér þetta, eða sér hitt. Þar með hefðu Picasso eða Matisse orðið utan fé-

laga, hefðu þeir verið svo óheppnir að fæðast íslenskir.

En áfram með smérið; þetta er hin ágætasta sýning og margir mæta hér galvaskir til leiks og kennir þar margra grasa. Einar Baldvinsson, Kjartan Guðjónsson og Agúst Petersen sýna allir figúratív myndir frá sjávarsiðunni, en frá ólíku sjónarmiði. Hinar ágætu myndir Einars eru nostalgísk afbrigði kreppumálverksins. Það er engu líkara en maður sé horfinn aftur til 4. áratugarins. Kjartan er hetjulegri og mynd hans „Söltun“ (8) er

ástarjótning „á la Jóhannes úr Kötlum“ til þeirrar stéttar sem umfram flestar hefur verið hornstein íslensks þjóðarbús. Agúst tekur hina ljóðrænu afstöðu tilhafsins í þokukennendum og áþmosferiskum málverkum sínum.

Þeir Hrólfur og Sigurður Sigurðssonir fást við landslag á innilegan og heilsteyptan hátt. Þeir heyra til hinni síð-cézannisku hefð og fara einstaklega vel með þennan arf sinn. Valtýr Pétursson er einnig runninn úr þeim farvegi, með öðrum hætti þó. Besta mynd hans er „Vasar“

Vídeo-stefnan bæði lág og röng?

Video (lat.: ég sé, sbr. audio: ég heyrir) eða myndsegulband er tæki sem stungið er í samband við inntak sjónvarpsloftnets og síðan er kapall frá tækinu leiddur í sjónvarpið. Þar er honum annað hvort stungið í loftnetsinnstunguna eða í sér-

um og þarf sérstaka spólu fyrir hvert kerfi. Þræðing er sjálfvirk. Kerfin eru VHS (Video Home System), einna útbreiddast héraendis, Betamía, minni spólu, og V-2000, stærri spólu, en hægt að snúa þeim við og taka upp á báðar hliðar. Ath. að

munandi tíma (og rás), sum eru fjarstýrd með snúru, önnur þráðlaus o.s.frv. Þannig verður kaupandinn að meta sjálfur hvað hann vill leggja mikið í tækið. Verðið getur verið frá tæpum þrettán þúsund krónum (stadgreitt) og upp í þrjátíuogtvö þúsund, með stereo. Myndgæði og hljóð er misjafnt milli kerna og merkja en yfirleitt haldast gæði og verð í hendur.

Annar kostnaður er svo kaup á tónum spólum og leiga á myndum. Óáteknað þriggja tíma spólu kosta frá 420,- og upp í 630,- krónur og fer það eftir merkjum. Samsvarandi verð í Englandi og á hinum Norðurlöndunum er einn þriðji þe. Þú færð þrjár spólu þar fyrir eina hér. Myndir eru ekki seldar héraendis á almennum markaði svo vitad sé en erlendis kosta þær frá 300,- og upp í 600,- kr. Er þá miðað við einkaafnot. Spóluarnar sem leigurnar nota eru mun dýrari í innkaupi vegna höfundaréttar.

Ferðamönnum er leyfilegt að hafa með sér þrjár óáteknað spólu eða myndir. Mjög mikið er um að spólum og myndum sé smyglað til landsins og er þá hægt að fá þær mun ódýrari. Hið háa verð virðist vera tilkomid af

litlu magni, háum tollum og aðflutningsgjöldum. Myndsnaðdur eins og hljómsnaðdur og plötur lenda í háum tollflokki svo ríkið græði á innflutningi þeirra en sýnt hefur verið fram á (Páll Pálsson í Helgarpóstinum 31.8.79) að ríkið mundi engu tapa þó tollar og aðflutningsgjöld væru lækkuð því magnið mundi bæta það upp.

Leigurnar

Talið var að videoleigur á öllu landinu í des. 1981 hafi verið 43 og hefur þeim frekar fjölgað en fækkað. Algengast er að hver mynd sé leigð einum aðila einn sólarhring, þó eru undantekningar eða svokallaðir klúbbar þar sem greitt er visst gjald (360,- kr) fyrir átta myndir (45,- kr.pr. mynd) í þrjá sólarhringa. Meðlimur ræður þó hversu margar myndir hann tekur, en fær að hafa þær í þrjá daga samt sem áður. Fyrst í stað var næsti dagur ódýrari og þriðji enn ódýrari, en vegna hringmyndana (einn fékk lánaða spólu og lánaði áfram) var hætt við það kerfi og sama gjald látið gilda. Sumar leigur hafa tapað myndum vegna þess að leigutaki gaf upp rangt nafn og heimilisfang, ennfremur hefur kópi-

um af lánuðum myndum verið skilað inn í stað frummyndar. Til að sporna við þessu hafa innsigli verið sett á spóluarnar. Spóluarnar hafa sama útbúnað og hljómsnaðdur, að brjóta þarf smá hak úr þeim til að forðast átekt.

En spóluarnar ganga ekki endalaust. Þær slitna upp við núning í þræðingunni og talið er að sýna megi hverja mynd 200-300 sinnum. Eftir það þarf að fá nýtt eintak. Leiguspólu slitna eflaust mun fyrr, því tæki eru mjög misjöfn; ennfremur eru spóluarnar misjafnar að gæðum. Fyrir utan þær stillingar sem áður er getið er svo kallað „tracking system“ eða leitari á tækjunum. Hann strekkir eða slakar á bandinu svo myndhausinn finni rétta sporið. Þessi sporleitun er mismunandi milli merkja og sum merkin svo léleg að ekki er hægt að horfa á myndina vegna þess hve hún „fellur“.

Leigugjald er frá 40,- krónum og upp í 60,- krónur og er myndin þá með íslenskum texta. Myndirnar eru misdýrari í innkaupum og hafa sumar leigurnar þær dýrari, en aðrar hafa herra meðalverð.

Sumar leigur leigja ennfrem-

Myndbönd

eftir Jón Axel Egilsson



staka vídeo-innstungu. Tækið tekur við vissri tíðni frá loftnetinu en sendir á annarri tíðni inn í sjónvarpið. Þetta gerir það, að stilla þarf tækið inn á sjónvarpið og ófugt. Eftir þetta er tækið tilbúið að taka upp efni frá sjónvarpsútsendingu, hvort sem kveikt er á sjónvarpinu eða ekki. Einnig er hægt að sýna myndir af spólum í sjónvarpinu. Myndsegulbandið virkar þá eins og önnur rás. Á flestum tækjum er tímastillir, þannig að hægt er að láta tækið taka upp þó enginn sé heima.

Myndsegulbönd greinast í þrjú kerfi hvað varðar upptöku- og sýningartækni. Kerfin byggja á mismunandi þræðing-

skammstöfunin VCR (Video Cassette Recorder) þýðir eingöngu myndsegulband og PAL SECAM er litakerfið sem við notum. Í Bretlandi er mynd og hljóð sent út á mismunandi rásum svo breyta þarf smygulband tækjum. Í Bandaríkjunum og Frakklandi er notað annað litakerfi.

Hvað kostar VÍDEO?

Við skulum hafa það í huga að myndsegulband er eins og segulband eða plötuspilari í notkun. Tækin bjóða upp á mismunandi tækni ss.: Hægt er að láta tækið taka upp á sama tíma nokkra daga í röð eða á mis-